



Varðandi: Bíóhöllin - samningur

Málsnúmer: 1612101

Dagsetning: 20. desember 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir framlengingu á samningi um rekstur Bíóhallarinnar á Akranesi í eitt ár, eða frá 1. janúar til 31. desember 2017.

Samhliða er því beint til menningar- og safnanefndar að skilgreina hlutverk og markmið með starfsemi í Bíóhöllinni við gerð stefnumótunar í menningarmálum á Akranesi.

GREINARGERÐ: Fyrir liggja drög að yfirlýsingu þar sem lagt er til að framlengja samning um rekstur Bíóhallarinnar á Akranesi um eitt ár, eða frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2017. Samningurinn skal endurskoðaður eigi síðar en 1. desember 2016 og skal því beint til menningar- og safnanefndar að skilgreina hlutverk og markmið með starfsemi í Bíóhöllinni við gerð stefnumótunar í menningarmálum á Akranesi. Greiðslur verða óbreyttar á árinu 2017, kr. 400.000 á mánuði eða samtals kr. 4.800.000. Heimilt er að greiða fjárhæðina í einu lagi óski rekstraraðili eftir því.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

Regína Ásvaldsdóttir

bærarstjóri